

Málsnr.: 2002053

Dalabyggð Málaskrá

19. MAR. 2020

Bréfalykill: 09.02.02 Minjastofnun
Íslands



Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

17. mars 2020

MÍ202003-0101/ 6.08 / M.A.S.

Efni: Skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Með tölvupósti dagsettum 11. mars 2020 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2038.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir lýsinguna og gerir ekki athugasemd að svo stöddu enda fái hann tillöguna aftur til umsagnar þegar nær dregur áætluðum framkvæmdum.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram fyrir svæðið. Minjastofnun Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Við skipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind. Eins þarf að merkja friðlýstar og friðaðar minjar inná uppdrátt ásamt friðhelguðu svæði umhverfis þær, en samkvæmt 22. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Ekki hefur verið gerð bæjar og húsakönnun fyrir Dalabyggð, en samkvæmt 16. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Í greinargerð með aðalskipulagi skal gera grein fyrir húsum og mannvirkjum á öllu skipulagssvæðinu sem falla undir lög um menningarminjar og skrá samkvæmt stöðlum Minjastofnunar í húsaskrá. Skal skrá friðlýst og friðuð hús og mannvirki og hús og mannvirki sem byggð voru 1925 og fyrr sbr. 29., 30. og 31. greinar laga. Æskilegt er að einnig séu skráð hús og mannvirki sem munu verða 100 ára á gildistíma aðalskipulagsins.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Skipulagsstofnun